

ERLENT



Reuters
Skrifstofan að kvöldi til eftir Edward Hopper.

Hopper í Tate Modern

YFIRLITSSÝNING á verkum bandaríska listamannsins Edward Hopper stendur þessa dagana yfir í Tate Modern safninu í London. En myndir Hoppers sem einkenndust að stórum hluta af einmanaleik og ferringu hafa gert hann að einum vinsælasta listamanni 20. aldarinnar. Að mati gagnrýnanda *Daily Telegraph* eru það hins vegar aðeins fyrri verk Hoppers sem eiga skildar slíkar vinsældir, en mörg þeirra verka er að finna á sýningunni í Tate Modern.

Sjálfsmyndir 20. aldar

SJÁLFSMYNDIR listamanna er viðfangsefni sýningar sem nú stendur yfir í Musée du



Pablo Picasso

Luxembourg í París. Sýningin nefnist MOI! Auto-portraits du XXe siècle og geymir 150 sjálfsmyndir ekki ómerkari listamanna en Pablo Picassos, Françoise Gilots, Marceles Duchamps og Egon Schiele svo dæmi séu tekin. Og segir dagblaðið *Financial Times* að vel sé virði að hafa í huga að myndirnar séu ekki aðeins minning um ytra byrði listamannanna heldur ekki síður um það hvernig þeir vildu láta minnast sín. Verkin eru ekki hengd upp í neinni ákveðinni tíma-, eða listastefnuröð, og við það skapast ákveðin óreiða innan sýningarsala safnsins sem gagnrýnandi blaðsins segir góða leið til þess að kalla fram það hversu ruglingsleg og brotakennð arfleifðin er sem móðernisminn og einstaklingskennd 20. aldarinnar hefur eftirlátið okkur.

Húsgagnalist

METROPOLITAN listasafnið í New York hýsir þessa dagana sýningu á húsgagnahönnun Ruhlmanns, eins helsta hönnuðar þriðja áratugar síðustu aldar í Frakklandi – Art Deco tímabilsins svo nefnda. Sýningin er fyrsta yfirlitssýning á verkum Ruhlmanns í ein 70 ár, en í sönnum anda Art Deco listastefnunnar einkennist hún af miklum munaði þar sem íbentholt og gyllingar eru í aðallutverki. Þótti Ruhlmann einkar fær við að veita viðarhúsgögnun fágæð og munúðarfullt yfirbragð og er yfir hundrað muni hans að finna á sýningunni. Að sögn *New York Times* hýsir Metropolitan einnig aðra minni og tengda sýningu sem nefnist Art Deco Paris og geymir muni hannaða af samtíðarmönnum Ruhlmanns, hönnuðum á borð við Puiforcat og Lalique.



Auglýsingar Icelandair, sjálfsmynd Íslendinga í dag.



Jóhannes Kjarval átti þátt í að skapa sjálfsmynd Íslendinga hér áður.

Að gera eða gera ekki

MYNDLIST

Hafnarhúsið – Listasafn Reykjavíkur

ÞORVALDUR ÞORSTEINSSON

Opið alla daga kl. 10–17. Sýningu lýkur 15. ágúst.

YFIRLITSSÝNING á verkum Þorvaldar Þorsteinssonar var opnuð síðustu helgi í Hafnarhúsinu – Errósafni Listasafns Reykjavíkur og gefur að líta verk eftir listamanninn allt frá námsárum hans um miðjan níunda áratug síðustu aldar. Sýningin er unnin í samvinnu Þorvaldar og sýningarstjórans, Ágústu Kristófersdóttur, og ber yfirskriftina „Ég gerði þetta ekki“. Er hún í öllum salarkynnum safnsins utan þess hluta sem er tileinkaður verkum Erró. Fagna ég því mjög að núlifandi Íslendingi sé boðin þetta yfirgripsmikil sýning í safninu og er þetta í fyrsta sinn sem slíkt er gert, að undanskýldum Erró sjálfum og Ólafi Eliassyni sem telst varla Íslendingur nema í sviga.

Þorvaldur er fæddur á Akureyri árið 1960. Hann nam myndlist í Myndlistar- og handfóðaskólanum og svo í Jan Van Eycke-akademíunni í Maastricht í Hollandi. Hann hóf myndlistarferil sinn í málalístinum eins og svo margir aðrir og þótti nokkuð snjall með pensilinn. Allavega svo snjall að mér skilst á þeim sem til þekkja að Akureyrarbær hafi lagst í sorg heilt sumar þegar fréttist að Þorvaldur, sem á unga aldri gat teiknað Matthías Jochumsson þannig að hann þekktist á mynd, hefði snúið sér að konseptlist í framhaldsnámi í Hollandi. Þorvaldur hélt þó fjölþættu figúrátífu myndmáli og frásögn þrátt fyrir hugmyndafræga nálgun í list sinni, en í stað þess að nota eingöngu pensil eða penna hóf hann að nýta sér tilbúna ljósmyndir og vinna í þær með ýmsum hætti, s.s. mála eða skera út.

Að kunna að þakka fyrir sig

Þorvaldur sló í gegn í íslenskum myndlistarheimi á sýningunni Skúlptúr, skúlptúr, skúlptúr sem haldin var á Kjarvalsstöðum árið 1994 með verkinu „A-vaktin“, þar sem listamaðurinn færði æfingasvæði slökkviliðs Reykjavíkur inn í listasafnið. Verkið markaði einnig kaflaskil í listsköpun Þorvaldar þar sem hversdagslegar aðgerðir urðu meginuppistaðan í listaverkum hans. Er óhætt að segja að Þorvaldur Þorsteinsson hafi þá skipað sér sæti í röð fremstu myndlistarmanna landsins og var næstu árin í algerum sérflokki, allavega fram yfir sýningu hans á Listasafni Akureyrar árið 1996.

Eitt af markmiðum Þorvaldar hefur verið að virkja almenning í listsköpuninni og færa listina út í hvunn dagslífið og öfugt. Er framlag hans til listahátíðar í þorpinu Kotka í Finnlandi árið 1995 gott dæmi um slíka aðgerð, en Þorvaldur lét smíða varðurn á torgi þorpsins og voru nöfn íbúanna lesin daglega í hátalarakerfi og þeim bormar þakki fyrir framlag sitt til listarinnar með skattgreiðslum sínum. Þar með voru þessir óþekktu styrktaraðilar listahátíðinnar gerðir ábyrgir sem/og virkir þátttakendur á sýningunni. Með álíka hætti getur þú lesandi góður verið virkur og ábyrgur þátttakandi í listaverkinu „Ósottar pantanir“ sem er til sýnis í Hafnarhúsinu og samanstendur af hlutum frá ýmsum fyrirtækjum á Íslandi sem hafa verið pantaðir en aldrei sóttir.

Ísland er land þitt

Áður en Þorvaldur sneri sér að myndlistinni hóf hann nám í bókmenntafræðum við Háskóla Íslands. Hefur talsvert borið á honum í ritlistinni síðustu árin. Í fyrstu voru það örstutt leikverk sem vöktu athygli manna snemma á

tíunda áratugnum. En þessir leikþættir voru upphaflega gerðir sem myndlistarverk. Þorvaldur hefur nú gefið út fjölda skáldsagna fyrir börn og fulloröna og er á meðal vinsælli leikritaskálda landsins um þessar mundir. Það er vissulega tímanna tákn að listamaður snerti þetta marga fleti listsköpunar og skeytir ekki um mörk þeirra. Hann er þó að fást við áþekka hluti í öllum listgreinum og eitt hans meginþema síðustu árin er sjálfsmynd Íslendinga. Birtust þessar vangaveltur sterklega í leikritinu „And Björk of course“ sem sýnt var í Borgarleikhúsinu fyrir skömmu og í myndlistinni má nefna fjölmörg dæmi. s.s. ljósmyndaverk hans á sýningunni „Sjá-Myndlýsing“ sem var í Gerðarsafni árið 2002, en þar sýndi listamaðurinn prentaðar myndir frá Íslandi eins og þær birtast á Netinu sem ímynd Íslands út-á-við, „Frí ferð til Íslands“ (Reisen sie gratis nach Island) var innsetning Þorvaldar í Kunstverein í Karlsruhe í Þýskalandi árið 1999, en þar kynnti Þorvaldur ferðamannaparadisina Ísland og tveimur sýningargestum gafst kostur að vinna ókeypis þakkaferð í 8 daga og viðtal listamannsins við Þvörusleiki sem er til sýnis í Hafnarhúsinu er líka háðslegt skot á sjálfsmynd okkar þar sem lopaklæddur jólasveinninn situr í öngum sínum og grætur yfir því að finnski bærinn Rovaniemi hefur verið gerður að opinberu heimili jólasveinsins.

Nýjasta verk Þorvaldar nefnist „Sjálfsmynd“ og er bein áskorun til Íslendinga að líta á þá mynd sem við höfum á landi okkar. Þetta er innsetning í stærsta sýningarsal Hafnarhússins og er uppistaða hennar aðallega plaköt og kynningarrefni frá Icelandair framsett líkt og landkynning á vegum ferðaskrifstofa og flugfélaga. Vantar bara að teppaleggja salinn og smíða kynningarbasa með tilheyrandi ljóskum til að fullkomna þá mynd. Til móts við plakötin teflir Þorvaldur fram ljóði eftir Jónas Hallgrímsson og málverkinu „Fjallamjól“ eftir Jóhannes Kjarval. Gengur listamaðurinn út frá því að Jónas hafi fyrstur kynnt bændum og búalíði að fegurð landsins hefði sjálfstætt gildi og þannig gefið þeim sjálfsmynd og að Kjarval hafi kennt Íslendingum að horfa á náttúruna og sjálfa sig upp á nýtt í grýttu landslaginu. Þorvaldur situr klisjulegar kynningarmyndir Icelandair fram sem sjálfsmynd nútímans þar sem harðger náttúran er máð út í lokkandi konfekt-kassamyndir sem ósnortinn Edengarður. Kenni Þorvaldur okkur eitthvað um sjálfsmynd okkar með þessu nýja listaverki sínu er það að hún sé yfirborðsleg blekk-ingarmynd eins og raunin er með kynningarmyndir flugfélaga.

Ekki hafinn yfir gagnrýni

Þorvaldur spannar vítt svið í myndlistinni og hefur nýtt sér ólíkt myndmál. Skýr ein-



Með verki sínu „Ósottar pantanir“ er Þorvaldur Þorsteinsson að virkja óþekktasta einstaklinga, þeim óaðvitað, í gerð listaverks.

kenni eru í mörgum verkum hans sem tengja má listamönnum eins og John Baldessari, Christian Boltanski og Guillaume Bijl. Sá síðastnefndi er einmitt mjög mikill áhrifavaldur á það hvunn dagsmyndmál sem Þorvaldur hefur aðallega tileinkað sér. Mörgum þykir hann ganga fullfrjállega í myndmál þessara listamanna og annarra. En það er varasamt að nálgast gagnrýni í samtímalistum með slíkum upptalningum og láta þar við sitja. Sérstaklega þegar listamenn eru þetta þroskaðir í listinni og Þorvaldur sem hefur allt aðrar forsendur að baki verkanna en áður nefndir listamenn. Mér finnst líka mjög eðlilegt í samtímalistum að listamaður gangi óhikað í það myndmál sem hann veit að virkar fyrir hugmyndir sínar vilji hann koma þeim skýrt til skila. Þorvaldur er jú sjaldnast að búa til hluti, eins og yfirskrift sýningarinnar gefur til kynna, heldur setur hann þá fram í samhengi sem fær okkur til að spyrja spurninga og endurskoða. Í ritstjórn er Þorvaldur líka þekktur fyrir hnitmiðað orðalag. Hann dansar ekki í kringum innihaldið með nýstárlegum orðasamböndum sem leida mann inn í ljóðræna draumaveröld. Hann kemur sér beint að efninu enda segist hann hafa lært að skrifa á auglýsingastofu en ekki í háskólanum. Þá hefur hann verið duglegur að greina frá því í viðtölum hvernig myndlistin hefur hjálpað sér sem rithöfund. Spurning hvort ritstjórnin hafi ekki líka hjálpað honum að nálgast myndlistina með þessum sama hætti.

Jón B.K. Ransu